

Qair þakkar tækifærið að fá að leggja til umsögn er varðar skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Það er okkur mikilvægt að um alla umgjörð orkuvinnslu ríki breið og góð sátt. Einnig er í ljósi þeirrar sérkennilegu stöðu sem upp er komin, milli ríkis og sveitarfélaga, mikilvægt að rýna vel í málaflokkinn og opna umræðuna. Fullur skilningur er til staðar er varðar flest þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram. En sérkennilegt er að framþróun orkutengdra verkefna þurfi að gjalda á meðan leitað er úrlausna. Sú vinna ætti að geta unnist samhliða þeirri þróun og öllu heldur þyrfti að vinnast samhliða í ljósi núverandi orkuskorts og skuldbindingum þjóðarinnar til kolefnislosunar. Qair hvetur því starfshópinn, stjórnvöld og aðra sem að málum koma til góðra og sanngjarnra verka.

Qair vinnur að uppbyggingu vindorkugarða hér á landi og mun því einblína á þess konar orkuframleiðslu og skattlagningu hennar. Að öðru leyti er Qair meðlimur í Samorku og styður að fullu þeirra umsögn er varðar málaflokkinn.

Það er afar mikilvægt að nærsamfélagið hafi hag af því að fyrirtæki séu með starfsemi innan þess. Á það við um orkuvinnslu sem og aðra framleiðslu eða þjónustu. Án slíks kerfis virka ekki þeir hvatar sem þurfa og eiga að vera til staðar fyrir sveitarfélögin. Til að laða að sér fyrirtæki og íbúa sem og halda í þá sem þar fyrir eru.

Vindorka hefur þann kostinn að hún skilar af sér tekjum m.a. í formi fasteignagjalda til þess sveitarfélags þar sem hún er staðsett. Í nýlegri skýrslu Deloitte, Vestanátt¹, reiknast þeim til að vindorkugarðar í þróun á Vesturlandi munu koma til með að skila þeim sveitarfélögum fasteignagjöldum sem nema um 3,5 milljörðum króna yfir 25 ára tímabil, eða rúmlega 300 m.kr á ári. Verkefnin samanstanda af um 100 vindmyllum og því rúmlega 3 m.kr. í árlegar greiðslur fasteignagjalda til sveitarfélaga fyrir hverja vindmyllu. Til frekari glöggvunar þá eru fasteignagjöldin ein og sér um 2,5% – 3% af brúttótekjum hvernar vindmyllu. Og er þá ekki horft til fasteignagjalda annarra mannvirkja sem verkefnum munu tilheyra. Ef horft er svo til heildar skattinnheimtu ríkis og sveitarfélaga af verkefnum Vestanáttar þá yrði hún yfir líftíma verkefnanna 25 milljarðar króna, þar af um 9 milljarðar króna beint til sveitarfélaganna.

Brýnt er að núverandi skattlagning sé að fullu kortlögð áður en horft er til annarra og frekari skatta og gjalda. Líkt og að sveitarfélögin þurfa að bjóða uppá aðlaðandi umhverfi fyrir fyrirtæki og fólk þá þarf ríkið að gæta að alþjóðlegu samkeppnishæfi sínu. Mikilvægt er því að horfa til núverandi skattheimtu, hvort hún sé sanngjörn eða of rík eða rýr. Hún þarf að standast alþjóðlegan samanburð og er ofangreint dæmi liður í þeirri vegferð.

Það er stjórnvalda að ákveða með hvaða hætti fyrirtæki og þegnar hvers lands fyrir sig eru skattlagðir. Ef til annars konar skattlagningar kemur til en fyrir er þá mun Qair aðlaga sig að henni að fullu.

Virðingarfyllst,



Friðjón Þórðarson

¹ Deloitte, Greining á mögulegum áhrifum vindorkuverkefna á Vesturlandi, 2022.